

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Lýtingur, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 9. nóvember 2016, tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Lýting. Breytingin tekur til aukins byggingarmagns á lóðum ásamt því að bætt var við einum byggingarreit.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 11. nóvember 2016.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2016